

Dags. 18. desember 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. september 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Icelandair Group hf. vegna brots á 126. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Icelandair Group hf. hefði brotið gegn 126. gr. vvl. með því að tilkynna ekki innan tilskilinna tímamarka um tvönn víðskipti fruminnherja sem urðu með bréf í félaginu. Samkvæmt 126. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs til Fjármálaeftirlitsins þegar fruminnherji hefur tilkynnt honum um víðskipti með fjármálagerninga útgefandans.

Um var að ræða tvönn víðskipti, annars vegar sölu á 500.000 hlutum á genginu 18,3 á hlut, og hins vegar sölu á 500.000 hlutum á genginu 18,1 á hlut. Markaðsvirði víðskiptanna var því samtals kr. 18.200.000,-. Félaginu barst tilkynning um víðskiptin frá fruminnherjanum eftir lokun markaðar þann 9. júní 2008 en tilkynning frá félaginu til Fjármálaeftirlitsins barst að morgni þess 11. júní 2008.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, stjórnvaldssekta í sambærilegum málum og 141. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 1.000.000.